

**Nd.**

**100. Breytingartillögur**

[16. mál]

við frv. til l. um æskulýðsmál.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „þrjú ár“ í lok gr. komi: tvö ár.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Menntamálaráðherra ræður æskulýðsfulltrúa til 5 ára í senn að fengnum tillögum Æskulýðsráðs ríkisins, og greiðast laun hans úr ríkissjóði. Fulltrúinn skal annast framkvæmdastjórn fyrir ráðið og gegna öðrum þeim störfum að æskulýðsmálum, sem ráðherra felur honum með erindisbréfi.

3. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist: enn fremur til námskeiða og annars fræðslu-  
starfs einstakra samtaka.